

Grjóthnullungur tók rafmagnið af Selfossi og nágrenni



Rafmagnið fór af á Selfossi og nágrenni föstudaginn 5. mars sl. laust fyrir kl. hálf tíu um kvöldið. Rafmagnið kom á aftur eftir varaleiðum rétt um 25 mínútum síðar eða svo. Bilunin varð vegna þess að Selfosslína 1, sem liggur frá Ljósafossvirkjun, sló út ásamt spennum á Selfossi. Ekki var hægt að slá línunni inn aftur en fljótlega kom í ljós að boldungsgrjót úr Ingólfsfjalli hafði brotið rafmagnsstaurn sem hélt uppi línunni. Daginn eftir fóru viðgerðarmenn á staðinn og gerðu við staurn og slógu að því búnu línunni inn aftur. Meðfylgjandi myndir sýna frá því þegar vinnuhópur frá Landsneti reisti nýja staura undir línuna.

-gpp

Mikill fjöldi umsókna í fyrri úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Allsbárust Uppbyggingarsjóði 166 umsóknir. Annars vegar umsóknir um styrki til menningarverkefna og hins vegar atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna. Mun fleiri umsóknir voru um menningarverkefni að venju eða samtals 99 umsóknir. Fjöldi umsókna um atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni 67. Alls var sótt um rúmar 190 m.kr. Meðal fjárhæð sem sótt var um voru rúmar 1.100 þ.kr., um 1 m.kr. vegna menningarverkefna og um 1.400 þ.kr. vegna atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna. Til



Myndin er frá tónleikum sem kölluðust Norðurljósablús og voru haldin á Höfn 2020. Tónleikarnir hlutu styrk úr Uppbyggingarsjóði.

úthlutunar á árinu eru 80 m.kr. og ráðgert að úthluta að þessu sinni um 40 m.kr. Opnað var fyrir umsóknir fyrstu vikuna í febrúar og opið fyrir umsóknir fram til kl. 16:00 þann 2. mars síðastliðinn eða í um 5 vikur. Haldinn var opinn kynningarfundur í beinu steymi með þátttöku um 50

manns í upphafi umsóknarferils. Tilkynnt verður um úthlutunina 29. mars með tölvupósti til umsækjenda og listi yfir styrkþega birtur á heimasíðu SASS. Opnað verður fyrir seinna umsóknarferli sjóðsins fyrir árið 2021 í byrjun september með umsóknarfrest til 5. október.



Páll Sveinsson, skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri ásamt Sigríði Pálsdóttur, verkefnastjóra Erasmus+ í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri.

BES sem Erasmus+ skóli

Síðastliðið haust auglýsti Rannís, sem er landsskrifstofa Erasmus+ á Íslandi, eftir umsóknum í nýtt verkefni sem kallast Erasmus+ skóli. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri sótti um að vilja efla sig á fimm sviðum með aðstoð Evrópusamstarfs. Sviðin fimm eru umhverfismennt, heilsueflandi skóli, teymiskennsla, stafræn menntun og menntun

deildarstjóra yngra stigs. Í lok febrúar barst bréf frá Rannís þar sem skólinn fékk umsóknina samþykkt. Það sem skilur þetta verkefni frá öðrum verkefnum er að hægt er að sækja um margvísleg verkefni sem við viljum framkvæma á 5 árum. Í stað þess að sækja um hvert og eitt náms- og þjálfunarverkefni fyrir sig – og þá rökstyðja

áætlanir okkar í hverju og einu þessara verkefna – getum við áætlað þann fjölda kennara og starfsmanna sem við viljum senda í þjálfun á hverju ári og vonandi fáum við svo eins mikið fjármagn og við þurfum til þess. Það mun gerast samkvæmt mati Rannís ef áætlanir okkar eru í takt við aðildarumsóknina. Áætlað er að 3-5 starfsmenn fari í hverja ferð, að minnsta kosti einn stjórnandi svo aðrir sem valdir verða hverju sinni.

Samningurinn kemur á verulega góðum tíma þar sem nú er unnið að þróun skólasýnar við Barnaskólann. Í upphafi næsta skólaárs, 2021-2022, hefst innleiðing nýrrar skólasýnar og má ætla að samningurinn og það aðgengi að fræðslu og samstarfi við fagaðila í Evrópu sem hann færir komi til með að styrkja innleiðingu þeirrar sýnar.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656




JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

Aðalfundur Bókabæjanna haldinn í Bókasafni Hveragerðis

Aðalfundur Bókabæjanna verður haldinn í Bókasafninu í Hveragerði kl. 17 þann 11. mars næstkomandi. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mun Sigrún Klara Hannesdóttir fv. Landsbókavörður flytja erindi þar sem hún kynnrir hugmyndir sínar um barnabókasafn.

Blómlegt bókasvæði

Bókabæirnir hafa nú verið starfræktir á svæðinu frá árinu 2014. Ýmislegt

hefur gerst á þessum tíma og margir viðburðir fest sig í sessi. Árlega er haldið þematengt málþing og Margmálaljóðakvöld á alþjóðadegi ljóðsins. Barnabókahátíðin er nokkuð regluleg, sem og ýmis konar upplestrar, uppákomur og bókaöngur svo eitthvað sé nefnt.

Þá könnumst við flest við Lestrarhestinn, sem reglulega birtist í Dagskránni og á vef blaðsins. Eins eru bókaðassar Bóka-

bæjanna víða aðgengi- legir og auka vonandi útbreiðslu og endurnýtingu bóka. Ritlistarhópur var einnig stofnaður á haustmánuðum 2019 sem sannaði fyrir okkur að fjöldi skrifandi fólks er á svæðinu, sem allt á erindi upp úr skúffunni.

Á svæðinu eru margir öflugir bóktengdir staðir. Bókasöfnin eru blómleg og standa fyrir fjölbreyttum bókmenntaviðburðum árið um kring, auk þess sem

þau sjá íbúum fyrir lesefni. Á svæðinu eru reknar að minnsta kosti þrjár bóka- verslanir, Bókaverslun Gulla á Sólheimum, Bókakaffið á Selfossi og net- verslunin Sigvaldibooks á Stokkseyri. Í tengslum við Bókakaffið er einnig rekin bókaútgáfan Sæmundur, sem merkir allar sínar bækur með merki Bókabæjanna þar sem tekið er fram að þær komi út hér á svæðinu.

Konubókastofa á

Eyrbakka er enn ein skrautfjöldurinn í hattinn, auk þess sem giftusamlegt samstarf hefur verið milli Bókabæjanna og Listasafns Árnesinga.

Starf í takt við tímann

Síðastliðið ár hefur kennt okkur að lifa lífinu á nýjan hátt. Þetta á einnig við um okkur sem stöndum að bóktengdri menningu. Mikið af okkar viðburðum hefur færst yfir á rafrænt form og jafnvel þótt ekkert


komi í stað upplesturs í veruleikanum, þá er þessi nýja tækni komin til að vera og er eitthvað sem við munum nýta okkur í auknum mæli í framtíðinni.

Bókabæirnir eru frjáls félagasamtök og öllum heimilt að leggja sitt að mörkum. Við hvetjum áhugasöm til að koma á aðalfund og taka þátt í að þróa starfið okkar áfram. Fundurinn hefst kl. 17 og heitt verður á könnunni.

GARÐEIGENDUR OG STOFNANIR ATHUGIÐ

Nú er rétti tíminn til að klippa og snyrta tré og runna. Fellum og fjarlægjum stór tré. Við höfum tæki og fagmenn í verkið.

Sími 894 0444
bokiehf@gmail.com



Hrós vikunnar

Jón Bjarnason

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Jón Bjarnason

Ég þakka nafna mínum meistara Jóni K. B. Sigfússyni fyrir óvænt hrós. Þvílíkur snillingur sem hann er hvort sem er í matargerð, ljósmyndun eða hverju sem hann tekur sér fyrir hendur.

Jón Bjarnason

Mjög margir eiga stórt hrós skilið hér í kringum okkur í uppsveitum Árnessýslu en ég skora á Róbert Aron Pálmason að koma með næsta hrós. Að öðrum ólöstuðum finnst mér hann eiga sérstakt hrós skilið fyrir ótrúlega jákvæðni, þrautsegju og dugnað. Að vera búinn að reisa eitt hús á Selfossi og 600 fermetra iðnaðarhúsnæði á Laugarvatni rúmu ári eftir að hafa lent í því að brotna afar illa á úlnið og mjöðm. Það finnst mér vera til mikillar fyrirmyndar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Hann Tóti tölvukall

Að vera snjall í tölvuspili er kannski ekki nóg í dag til að halda í við stafræna þróun allt og um kring, en kannski ákveðinn kostur eins og þegar ofangreint fyrrum topplag kom út með Ladda 1985. Notkun veraldarvefsins og stafrænnar tækni fjórðu iðnbyltingarinnar breytir heiminum. Hún hefur víðtæk áhrif á hagkerfi nútímans og verður samfélögum sífellt mikilvægari.

Samkeppnishæfni Íslands

Stafræn þróun er óumflýjanleg og mannkyninu gagnleg og getur skapað gríðarleg verðmæti. Í slíkri þróun felast í senn mikil tækifæri og hættur og því mikilvægt að undir hana séum við búin. Á það ekki síst við þegar kemur að atvinnulífi, vinnumarkaði og stafrænni hæfni almennings. Íslensk fyrirtæki og almenningur eru ekki nægilega meðvitund og undirbúin undir þær breytingar sem fjórða iðnbyltingin hefur í för með sér. Almenn- ingur gegnir fyrst og fremst hlutverki neytenda stafrænnar tækni. Nauðsynlegt er að bæta tækni- og upplýsingalæsi og efla frumkvæði þegar kemur að nýtingu stafrænnar tækni til framþróunar og sköpunar.

Silja Dögg Gunnarsdóttir

Þingmaður Framsóknar- flokksins



Ef svo fer fram sem horfir mun staða okkar draga úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og þjóðarinnar allrar. Skortur á stafrænni hæfni getur hæglega framkallað samfélagslegan ójöfnuð.

Forðumst tvíverknað

Stafræn þróun hefur áhrif um allt samfélagið. Því er nauðsynlegt að tryggja yfirsýn og samræmingu allra aðgerða helstu hagaðila til að nýta megi sam- legðaráhrif til fullnustu, tryggja þekkingaryfirfærslu, koma í veg fyrir tvíverknað og tryggja að ekkert gleymist í þessari mikilvægu vinnu. Í dag vantar m.a. mikið upp á að til staðar séu skýr stefna og aðgerðir varðandi stuðning við fyrirtæki í stafrænni umbreytingu, eflingu stafrænnar hæfni á vinnumarkaði og að efling stafrænnar hæfni sé skýrt og markvisst fram sett í menntastefnu og aðgerðum í menntamálum. Hins vegar má sjá allt þetta skýrt sett fram í fjölmörgum stefnum og

aðgerðaáætlunum þeirra landa sem við helst berum okkur saman við, svo sem Norðurlandanna og í löndum sem vel hentar að líta til og læra af í þessum málum, svo sem í Hollandi og Írlandi.

Köllum eftir heildstæðri stefnu

Hvetja þarf og styðja stjórn- völd, sveitarfélög, mennta- kerfið, atvinnulífið og launþega til að grípa til skjótra, öflugra og markvisstra aðgerða í þeim tilgangi að efla stafræna þekkingu og færni og auka þannig tækifæri til nýtingar stafrænnar tækni í íslensku atvinnulífi og samfélaginu í heild í því skyni hefur undirrituð, ásamt öðrum þingmönnum Framsóknar- flokksins, lagt fram tillögu um að skipaður verði starfshópur sem eiga að móta heildsstæða stefnu um stafræna þróun með aðgerðaáætlun til fimm ára hið skemmsta. Við verðum að tryggja markvisst sam- starf og stefnumótun á sviði stafrænnar þróunar svo tryggja megi áframhaldandi sam- keppnishæfni landsins og lífs- gæði.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og „takkaður fjandi“.

Opið kall eftir þátttakendum í myndbands- verk og gjörning í Listasafni Árnesinga

Listakonan Anna Kolfinna LKuran auglýsir eftir konum, og öllum sem skilgreina sig sem kona, á aldrinum 11-80+ sem búa í Árnessýslu til að taka þátt í myndbandsverki og kraftmiklum gjörningi sem fer fram í Listasafni Árnesinga í apríl og júní 2021. Myndbandsverkið og gjörningurinn verða hluti af sumarsýningu listasafnins sem opnar 5. júní og mun standa yfir allt sumarið.

Verkin eru hluti af röð verka undir yfirskriftinni *Yfirtaka* þar sem listakonan gerir tilraunir til að taka yfir rými með hjálp kvenna úr mismunandi áttum úr samfélaginu. Sýningin í Listasafni Árnesinga verður fimmta yfirtakan til þessa, en um ræðir



verk sem hefur einfalda upp- byggingu og er hugsað sem eins- konur athöfn, þar sem litríkur hópur kvenna á öllum aldri notar orku, samstöðu og raddbeitingu til þess að taka yfir rými.

Fyrri sviðsreynsla eða radd-

þjálfun og íslenskukunnátta eru ekki skilyrði.

Allar áhugasamar eru hjartanlega velkomnar að taka þátt. Áhugasamar geta haft samband við Önnu Kolfinnu hér: annakolfinna@gmail.com.

Skalli

Selfossi

Sá svalasti í bænum

FJÖLSKILDUTILBOÐ

**4 ostborgarar, stór skammtur af frönskum,
2 kokteilsósur & 2L gos**

4.999 kr.



www.skalli.is - facebook.com/skalliselfossi - Sími 483-1111

Tveir hópar eldri borgara

Við, sem erum í hópi 5000 eldri borgara af um 43 þúsund eldri borgurum 67 ára og eldri, njótum þess að fá engar greiðslur frá almannatryggingum (TR), enda þótt við eigum rétt á að fá lága greiðslu grunntrygginga frá TR, eins og var óslitið til 2009. Við, sem höfum með lífeyri, vinnu og fjármagnstekjum yfir kr. 600.000 á mánuði, þurfum ekki að sæta 45% skerðingu á tekjum okkar umfram kr. 25.000 á mánuði eða skerðingu á vinnulaunum eða verktakagreiðslum um 45% umfram kr. 100.000 á mánuði frá TR.

Það sem var gert fyrir okkur

Við breytingar á skatta- og gjaldakerfi ríkisins í upphafi þessa árs, lækkuðu, hjá þeim hópi sem ég tilheyrir, skattar, þó skattleysismörkin hefðu verið lækkuð annað árið í röð, en það kom ekki að sök vegna þeirra tekna sem við höfum. Skattalækkunin hvarf næstum hjá hinum hópnum. Við, sem höfum efnis á lagfæringu íbúðarhúsa, fengum hækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu úr 60% í 100%. Langþráð lagfæring fékkst um afnám skattlagningar á söluhagnaði sumarhúsa, sem nýtist okkur vafalaust betur en hinum hópnum. Við sem eignir eigum, fengum einnig þá leiðréttingu fyrir afkomendur okkar, að skattfrelsmörk erfðafjárskatts voru lækkuð úr 1,5 milljónum í 5 milljónir króna. En það sem var einkum gert fyrir okkur, umfram hinn hópinn, var að frítekjumark fjármagnstekna frá skatti var lækkað um 100%, úr 150 þúsund í 300 þúsund kr. á ári. Frítekjumark hjá hinum hópnum er 0 kr.

frá skatti og að auki með óbreytt skerðingarmörk hjá TR, eins og undanfarin fjögur ár.

Hvað var gert fyrir hinn hópinn, um 38 þúsund eldri borgara?

Engar bætur hafa náðst fram til þeirra, heldur þvert á móti, að þeir sem minnst hafa innan hópsins, fengu smátt og smátt minna undanfarin 11 ár í samamburði við aðra hópa í þjóðfélaginu. Greiðslur frá TR hafa ekki fylgt launaþróun frá hrúni og skerðingarnar hafa skert enn frekar greiðslur allt frá 2009 og verið óbreyttar hjá núverandi ríkisstjórn frá 2017, þótt allar aðrar greiðslur í samfélaginu hafi árlega tekið mið af verðlagi og launaþróun. Um 32000 eldri borgarar fá skerðingar á greiðslum, um 3500 eldri borgarar á hjúkrunarheimilum eru ofurskertir og líklega um 2700 eldri borgarar þiggja ekki greiðslur frá TR. Þeir vinna lengur, því þeir meta meira frelsi til að vinna og frelsi frá eftirliti TR, en að fá skertar greiðslur frá stofnuninni. Ein lagasetning var þó gerð 3. júlí 2020 af núverandi stjórnarflokkum um viðbótarstuðning við aldraða. Það var stuðningur, sem átti að ná, líkega til um 800 eldri borgara hér á landi, innflytjenda, sem höfðu ekki réttindi til greiðslu frá TR og til Íslendinga, sem höfðu misst réttindi vegna búsetu erlendis, enda þótt þeir hefðu áður greitt til almannatrygginga og sjúkrasamlaga hluta af launum sínum til 1986 og eftir það sambærilegar greiðslur með hækkun skattþrosentu. Þessi lagabreyting er eina bótin sem ráðherrar geta höfðað til um hækkaðar greiðslur, þegar þeir segja að staða eldri borgara

Halldór Gunnarsson

fyrirverandi
söknarprestur í
Holti



hafi verið bætt í stjórnartíð núverandi ríkisstjórnar.

Lög um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða nr. 74/3.7.2020

Lögin kveða á um 90% af grunngreiðslu TR til eldri borgara, eða kr. 129.310, en með heimilisuppbót kr. 170.784 á mánuði, báðar eftir skattgreiðslu. Lögin eru í svo mörgum ýtarlegum lagagreinum með skerðingum, hindrunum og eftirliti frá TR að aðeins hafði 141 einstaklingur líklega af um 800 sótt um þessar greiðslur í ársbyrjun 2021.

Niðurstaða

Núverandi ríkisstjórn hefur nær ekkert gert í þágu þeirra, sem fá greiðslur frá TR, þrátt fyrir skrifuð loforð og framsetningu í þingræðum um úrbætur. Hún hefur viðhaldið áfram skerðingarárakvæðum fyrri ríkisstjórna vinstri flokka. Að núverandi ríkisstjórn sjái ekki einu sinni réttlæti í því að eldri borgarar, sem minnst hafa, fái að vinna sér til bjargar og greiða skatta af þeim launum, er óskiljanlegt, sérstaklega í ljósi þess að rökstyðja má að það kosti ríkissjóð nánast ekkert. Í stað þess er skerðingum viðhaldið, sem jafngilda skattlagningu um 80% af vinnu umfram 100 þúsund kr. á mánuði.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Kristján Guðmannsson.**

Ég vil þakka Guðmundi vini mínum fyrir tilnefninguna sem ég átti alls ekki von á og hvað þá að velja A.A. (aðfluttan andskota) í þetta ágæta blað.


Ég grilla mikið allan ársins hring án þess að flækja matseldina of mikið, oft er einfaldleikinn bestur. Hjá mér snýst þetta bara um bragðgóðan, meiran og safaríkan mat. Það er t.d. þægilegt að henda kjúklingi á grillið sem klinkar sjaldnast og flestum finnst góður og passar með ýmsu meðlæti.

Appelsínukjúklingur er einkar þægilegur og góður á grillið auk þess að vera fyrirhafnarlítill. Hann er í uppáhaldi hjá nokkrum vinum mínum og þess vegna ætla ég að skella hérna uppskrift að honum.

Appelsínukjúklingur

Ég byrja á því að klippa kjúklinginn til helminga og skola vel innan úr honum og fjarlægja blóðlifarnar milli rifjanna og einnig þykkustu fituna. Þerra svo kjúklinginn lauslega. Ég krydda hann vel með:

Aromat
Season all
Paprikukryddi
Hvítlaukskryddi
Sellerísalti



Set svo krydduðu helmingana í sitt hvorn plastpokann og geymi inni í ísskáp og læt marinerast þar í 3-4 tíma.

Hálfur kjúklingur passar vel í álbakka af stærðinni 20 x 30 cm (venjulegan álbakka, ekki grillbakka). Í tvo slíka bakka þarf ca. þrjár stórar appelsínur. Ég sker þær í tæplega 2 cm þykkar sneiðar og raða í botninn á bökkunum og legg kjúklinginn þar ofan á með innhliðina niður. Hita grillið og hef nánast á hæsta hita, set bakkana á grillið og læt grillast í 30 mín. Þá sný ég kjúllanum við og grilla áfram í 30 mín. Svo sný ég við aftur og stilli grillið á hæsta hita og grilla í 15 mín. Húðin á þá að vera orðin vel brún og „krispi“ og kjúllinn tilbúinn.

Borið fram með hrísgrjónum, hrásalati, hvítlauksbrauði, djúpsteiktum kartöflum og sósu að smekk hvers og eins.

Ég skora á **Huldu Ósk Guðmundsdóttur** nágranna og vinkonu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Kæru Sunnlendingar!

Síðasta ár hefur verið virkilega Sóhefðubundið hér í Menntaskólanum að Laugarvatni og eru stjórnarskiptin þar ekki undanskilin. Þann 8. – 12. febrúar var framboðsvika þar sem nemendur buðu sig fram í nemendafélag skólans. Ræðukvöldið er helsti viðburður vikunnar og fór það fram þann 10. febrúar með breyttu sniði en áður. Frambjóðendur mættu með tilbúnar ræður til að sannfæra samnemendur sína um að kjósa sig. Fráfarandi stjórn var viðstödd ræðurnar en

aðrir nemendur skólans horfðu á beina útsendingu á vistunum. Mánudaginn 15. febrúar voru kosningar og svo um kvöldið var aðalfundur Nemendafélagsins Mímis. Þar var nýkjörin stjórn kynnt og fráfarandi stjórn kvaddi. Nýr stallari er Ásta Ivalo og var lagt á félagsskrá. Fráfarandi stjórn skellti sér svo í menningarferð á Akureyri til að fagna vel unnum störfum.

Skipulögð var skíðaferð dagana 2. – 3. mars fyrir útivistar-

áfangana en var þeirri ferð frestað vegna veðurs. Í fyrri var þessari ferð einnig frestað, fyrst vegna veðurs og síðan vegna covid.

Í staðinn fyrir árlegu ferðirnar hjá kórnum var hópefli skipulagt fyrir nemendur kórsins. Krökkunum var skipt í hópa og var lagt af stað í ratleik, fleiri skemmtilega leiki og auðvitað raddæfingar.

Umsjón:

Oddný Lilja Birgisdóttir
og Amy Phernambucq.

Dúdda sýnir í Listagjálni

Þann 8. mars opnar sýning Kristrúnar Helgu Marinósdóttur (Dúdda) í Listagjá Bókasafnsins á Selfossi. Verkin eru unnin úr íslensku ull og eiga það sameiginlegt að vera í hringformi. Innblástur verkanna er sóttur í íslenska náttúru og þá hringrás sem stöðugt á sér stað þar. Má sjá vísun í mosa, steina, flóru, vatn og ís. Auk þess sem verkin fegra þann vegg sem þau hanga á þá bæta þau einnig hljóðvist. Dúdda er alin upp á Tálknafirði í stórum hópi systkina í miklu návígi við náttúruna. Hún hefur búið á Selfossi að mestu leyti frá 16 ára aldri. Dúdda hefur alltaf haft mikla þörf fyrir að skapa og hefur notað ýmsa miðla til þess t.d. ljósmyndun, myndlist og fleira en þetta er hennar fyrsta sýning.

Sýningin, sem er sölusýning, stendur til 11. apríl nk. og er opin á sama tíma og bókasafnið. Það er frá kl. 9-19 virka daga og 10-14 á laugardögum.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreifing: Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísingátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er óþægilegt klapp á kinn.
Með knapa fer ég um skeiðvöllinn.
Á veginum snýst ég hring eftir hring.
Ég er herðar þabba með strákaling.

BEIKON
BORGARA
Mál tíð

Bacon burger meal

1.749 kr.



*Gos úr vél frá CCEP fylgir með
Tilboð gildir út mars 2021

N1 Hvolsvöllur



Smiðir óskast í vinnu

Flekar byggingarfélag óskar eftir smiðum í vinnu. Áhugasamir vinsamlega sendi upplýsingar á veffangið flekaratvinna@gmail.com.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla)



Aðalfundur Kvenfélags Selfoss

verður haldinn miðvikudaginn 24. mars 2021
 í Mörk, sal eldri borgara í Grænumörk kl.19.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Léttur kvöldverður í upphafi fundar. Verð kr. 2500.

Allir velkomnir.

Tilkynnið þátttöku fyrir laugardaginn 20. mars til

Jórunnar í síma 848 5049, jhel@isl.is eða
 Sigríðar 698 7952, bjossi.siddy@simnet.is

Stjórnin

Huldufit

Eitt af því sem er svo skemmtilegt við hannyrðirnar er að það er alltaf hægt að læra eitthvað nýtt. Hér er uppskrift að húfu og undirritaða langaði að læra nýtt uppfit sem er ósýnilegt og vel teygjanlegt og er kallað á ensku *Italian tubular cast on*. Eftir mikla rannsóknarvinnu á netinu þar sem mikið er af misgóðu efni fannst gott myndband. Slóðin er hér enda mjög flókið að útskýra það með orðum. <https://www.youtube.com/watch?v=9T0TsGMhG3c>

Húfan er þrjónuð úr garni sem er nýtt hjá okkur. Það heitir Eco+ Hemp og er frá Cascade. Í því er 80 % hálandauill frá Perú og 20 % hampur og í 100 gramma hespu eru 300 metrar.

Uppskriftin er í víddum 50 - 54 - 58 sm
 Garn 1 hespa, þrjónar no 3,5 í uppfitið og no 4,5 eftir það (stuttur hringþrjónn og sokkþrjónar eða trio).

Munsturþrjón nær yfir 15 lykkjur.
 * 1. - 5. umf: 1 br, 1 sl til skiptis
 6. - 10. umf: 1 sl, 1 br til skiptis*
 Endurtaka * - *

Fitjið upp 102 - 110 - 118 lykkjur og þrjónið fyrstu 2 umferðirnar eftir leiðbeiningunum í myndbandinu á þrj no 3,5. Eftir það er þrjónað með þrjóni no 4,5 sl og br til skiptis þar til stroffið mælist 12 - 14 - 16 sm.

Þrjónið munsturþrjón og síðan 36 - 40 - 44 1 slétt. Endurtakið.
 Haldið þannig áfram þar til húfan mælist 21 sm en þá byrjar úrtaka sem er þannig:
 Munsturþrjón, takið næstu 1 fram af



þrjóninum óþrjónaða, þrjónið næstu og steypið þeirri óþrjónuðu framyfir. Þegar 2 1 eru eftir að næsta munsturþrjóni eru 2 1 þrjónaðar saman. Endurtakið.

Endurtakið þessa úrtöku þannig með eftirtöldum fjölda umferða á milli: 3, 2, 2, 1, 1, 1 og síðan í hverri umferð þar til 2 sl 1 eru eftir milli munsturkafla.

Skiptið nú lykkjunum á tvo þrjóna þannig að á hvorum þrjóni er ein sl lykkja hvorum megin við munsturþrjónið. Nú er fellt af með því að þrjóna í gegnum eina lykkju af hvorum þrjóni og í hvert sinn sem tvær lykkjur eru komnar er þeirri aftari steyp framyfir þá fremri þar til 1 1 er eftir. Slítið frá. Dragið endann í gegnum lykkjuna og herðið að. Gangið frá endunum. Skolið húfuna úr volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Æskan er framtíðin, búum börnum okkar gott samfélag!

Í Rangárþingi eystra hefur verið unnið jafnt, þétt og örugglega að málefnum fjölskyldunnar. Það skal því engan undra að hér byggist hratt og örugglega upp gott samfélag þar sem uppbygging innviða hefur verið höfð að leiðarljósi á undanförunum árum.

Í Rangárþingi eystra eru endalaus tækifæri til útivistar og náttúran handan við hornið, enda erum við hliðið að hálendi Íslands þar sem það gerist fallegast. Ferðaþjónusta skipar því stóran sess í atvinnumálum, auk landbúnaðar sem og þjónustustarfa.

Gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað í sveitarfélaginu á undanförunum misserum og nú fyrir skemmstu voru auglýstar hér á Hvolsvelli á þriðja tug íbúðalóða í nýju hverfi, auk atvinnu og iðnaðarlóða sem lausar eru til úthlutunar.

Deiliskipulagi metnaðarfulls miðbæjar er nýlukið og deiliskipulag á Kirkjuhvolssreit er á lokametrunum. Þar er gert ráð fyrir stækkun hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvolss, stækkun heilsugæslu og á annan tug íbúða fyrir eldri borgara. Síðast en ekki síst er vinna við deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis langt á veg komið, þar sem gert er ráð fyrir allt að 10 deilda leikskóla sem verið er að hefjast handa við að byggja. Þetta lýsir metnaði sveitarstjórnar, enda ein stærsta einstaka framkvæmd sem ráðist hefur verið í í sveitarfélaginu.

Í Rangárþingi eystra tókum við á móti 12 mánaða börnum í leikskóla enda markmið að fæðingarorlof foreldra og fyrsta skólastigið nái saman. Það er nú orðið að veruleika, enda mikið heillaskref þegar fæðingarorlof var lengt í 12 mán-

Lilja Einarsdóttir

sveitarstjóri
 Rangárþings
 eystra



uði. Rangárþing eystra er einnig komið í hóp þeirra sveitarfélaga sem eru í samstarfi með félagsmálaráðuneytinu á innleiðingu barnvæns samfélags, auk þess að vera heilsueflandi samfélag. Hér er mjög öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf sem er í samfelli við skóladaginn svo öllum börnum gefst kostur á þátttöku burtseð frá búsetu.

Nú í byrjun janúar opnaði á Hvolsvelli VISS vinnu- og hæfingarstöð sem hefur fengið fádæma viðtökur og eru þar nú þegar 6 einstaklingar við störf. Fyrir liggur að fara í þarfagreiningu á

búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk, enda þörfin verið vaxandi á liðnum árum.

Þó að vissulega hafi heimsfaraldur vegna covid-19 haft áhrif á atvinnumálin hér sem annarsstaðar, þá hafa skapast tækifæri sem nauðsynlegt er að grípa. Störf án staðsetningar er eitt af því góða sem við ættum að taka með okkur inn í næstu framtíð. Við í Rangárþingi eystra höfum glæsilega skrifstofuáðstöðu fyrir slíka starfsemi sem skapar möguleika fyrir fólk að vinna í fjarvinnu. Þegar er aðstaðan nýtt til slíkrar starfsemi með góðri reynslu.

Góð grunnþjónusta hefur byggst upp á Hvolsvelli, og má þar nefna glæsilega Krónuverslun, heilsugæslu sem verið er að endurbæta og stækka, sjúkralutninga, lögreglu, bygginga-, gjafavöru- og

búvöruverslanir, auk veitinga- og ferðaþjónustufyrirtækja svo fátt eitt sé nefnt.


Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins, svo hún geti vaxið og dafnað þarf grunnþjónusta og gott samfélag að vera til staðar og það höfum við lagt allt kapp á að skapa í Rangárþingi eystra. Árangurinn er tvímællaus og stefnan er skýr. Áfram veginn.

Höfundur er sveitarstjóri og oddviti Framsóknar og annarra framfarasinna í Rangárþingi eystra.



Sími 482 1944 eða
auglysingar@dfs.is

THULE
BRUGGAR
LÉTTBJÓR
BARA TIL
AÐ GETA
AUGLÝST



A.M.K. HEIÐARLEGUR
„LÉTTBJÓR“



Sýslumaðurinn á Suðurlandi UPPBOÐ

Einnig birt á www.naudungarsolur.is.

Eftirtalin ökutæki verða boðin upp við lögreglustöðina á Selfossi, Hörðuvöllum 1, Selfossi föstudaginn 12. mars 2021 kl. 14.00, að því gefnu að gerðarbeiðandi færi þau á uppboðsstað.

Kaupverð er einungis hægt að greiða með debetkorti, millifærslu eða reiðufé. Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi, 5. mars 2021

Ford, Transit, árg. 2006, fnr. PY-556
Hyundai, Sonata, árg. 2005, fnr. LK-244
M-450, Mercedes-Benz, 450SI, árg. 1973, fnr. KT-H95
Mercedes Benz, Actros, árg. 2006, fnr. MG-294
Mercedes-Benz, Actros, árg. 2019, fnr. TP-L05
Nissan, Pathfinder, árg. 2005, fnr. BS-569
Nor-Slep, Phv-18, árg. 2001, fnr. KP-T83
Opel, Astra, árg. 2008, fnr. EU-X11
Renault, Megane, árg. 2011, fnr. NR-Y94
Scania, P420, árg. 2005, fnr. TY-926
Sommer, Ag30, árg. 2005, fnr. SJ-661
Toyota, Yaris, árg. 2005, fnr. YB-251

Sumarstörf hjá Sveitarfélaginu Árborg 2021



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Eftirfarandi sumarstörf eru laus til umsóknar hjá Sveitarfélaginu Árborg:

Hægt er að sækja um öll störf in í gegnum ráðningarvef Árborgar: <http://starf.arborg.is/>

Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 22. mars 2021.

Störf hjá vinnuskólanum

Undir hverju starfi eru verk-, ábyrgðar- og hæfniskröfur.

Verkstjóri vinnuskólans

- Yfirumsjón með flokkstjórum og vinnuhópum vinnuskólans ásamt vinnuskólastjóra
- Almenn garðyrkjustörf o.fl. tengt vinnuskólanum (Almenn garðyrkjustörf og umhirða á opnum svæðum tengd vinnuskólanum)
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti
- Bílpróf skilyrði
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Lágmarksaldur 22 ára.

Flokkstjórar vinnuskólans

- Umsjón með vinnuhóp vinnuskólans
- Almenn garðyrkjustörf o.fl. tengt vinnuskólanum (Almenn garðyrkjustörf og umhirða á opnum svæðum tengd vinnuskólanum)
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Lágmarksaldur 20 ára

Aðstoðarflokkstjórar vinnuskólans

- Aðstoð með vinnuhóp vinnuskólans
- Almenn garðyrkjustörf o.fl. tengt vinnuskólanum (Almenn garðyrkjustörf og umhirða á opnum svæðum tengd vinnuskólanum)
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Lágmarksaldur 18 ára

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, gunnars@arborg.is, Dagbjört Harðardóttir, dagbjort.harðar@arborg.is eða í síma 480 1900.

Störf hjá umhverfiseildinni

Undir hverju starfi eru verk-, ábyrgðar- og hæfniskröfur.

Verkstjóri yfir garðslætti

- Umsjón með starfsmönnum sláttuhóps.
- Skipulagning- og ábyrgð á garðslætti og hirðingu á opnum svæðum.
- Viðkomandi þarf að hafa bílpróf.
- Reynsla af viðhaldi véla og vinnuvélaréttindi æskileg.
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Lágmarksaldur 22 ára.

Sumarstarfsfólk í garðslætti

- Vinna við almenn garðyrkjustörf, garðslátt og hirðingu á opnum svæðum.
- Krafist er stundvísi, ástundunar og dugnaðar.
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti.
- Bílpróf skilyrði og vinnuvélaréttindi kostur.
- Lágmarksaldur 18 ára.

Sumarstarfsfólk í almenna garðyrkju

- Vinna við almenn garðyrkjustörf, gróðursetningu, beðahreinsun og umhirða á opnum svæðum.
- Krafist er stundvísi, ástundunar, dugnaðar.
- Frumkvæði og góð mannleg samskipti.
- Bílpróf æskilegt og lágmarksaldur 18 ára.

Nánari upplýsingar veitir Birna Kjartansdóttir birna@arborg.is eða í síma 480 1900.

Team Rynkeby stefnir á París í ár



Team Rynkeby er góðgerðarverkefni sem fagnar 20 ára afmæli á árinu. Það var árið 2017 sem íslenskt lið tók í fyrsta sinni þátt í verkefninu, en þar með voru komin lið frá öllum Norðurlöndunum. Við hittum Gunnar Bjarka Rúnarsson, verslunarstjóra hjá Byko og spurðum aðeins út í málið, en hann er einn af þeim sem er í íslenska liðinu í ár.

Markmiðið að safna fyrir börn með alvarlega sjúkdóma

Hvernig verður maður liðsmaður í Rynkeby liðinu? „Til að taka þátt í verkefninu þarf fólk að sækja um með formlegum hætti, í framhaldinu er liðið valið og skipað í byrjun september ár hvert. Þau sem eru valin í liðið hefjast síðan handa við að safna styrkjum t.d. hjá fyrirtækjum og stofnunum og vinna að verkefninu á ýmsan annan hátt. Árið 2021 eru liðin 59 með rúmlega 2300 hjólurum og 440 í aðstoðarliði frá öllum Norðurlöndunum, Þýskalandi, Sviss ásamt einu samevrópsku liði. Markmiðið er það sama hjá öllum liðunum sem er að safna styrkjum sem allir fara til barna með alvarlega sjúkdóma í hverju landi fyrir sig,” segir Gunnar Bjarki.

Íslenska teymið aldrei stærra

„Íslenska teymið hefur aldrei verið stærra. Við erum um 45 hjólarar og eins og staðan er núna eru um 8 sem eru í aðstoðarliði en stefnt er á að fjölga í þeim hópi,” segir Gunnar Bjarki aðspurður um fjölda liðsmanna frá Íslandi. Eru þetta allt vanir hjólreiðamenn sem veljast í liðið? „Nei, aldeilis ekki. Eitt af markmiðum Team Rynkeby er að liðið sé byggt upp af fólki úr sem flestum atvinnugreinum, á öllum aldri og sem jafnastri skipting milli kvenna og karla. Þannig að það er ekki ætlast til þess að liðið sé byggt upp af afburðar fólki í hjólreiðum.”

Miklar æfingar að baki hjá keppendum

Eins og áður sagði eru ekki endilega allir sem koma að verkefninu afburðafólk í greininni. Við spyrjum Gunnar hvernig sé að takast á við svona áskorun. „Þetta er heilmikið auðvitað en mikill stuðningur af félögum í liðinu og liðsheildin góð. Í vetur erum við búin að

vera að hjóla hvert og eitt t.d. á trainerum en einnig hafa verið sameiginlegar hjólaæfingar á hjólaforritinu Zwift. Seinni hluta mars stefnum við að því að fara að hjóla saman úti en frá og með apríl verða æfingar alla þriðjudaga og laugardagsmorgna. Við erum líka með skylduæfingar þar sem lengsta æfingin er 200 km æfing. Eins og áður sagði hjóla allir alla leiðina þannig að við æfum okkur að hjóla þétt á eftir hvert öðru til að nýta skjólið en við þurfum líka að læra að treysta hvert öðru algjörlega því við óvæntar breytingar inn í miðjum hóp getur farið illa.”

Íslensk fyrirtæki stutt myndarlega við verkefnið

Aðspurður um hvernig gangi með að safna styrkjum segir Gunnar: „Það hafa fjölmörg fyrirtæki stutt við bakið á okkur í gegnum tíðina. Ég get svo stoltur sagt frá því að BYKO kom mjög myndarlega að verkefninu í ár en þeir styrktu okkur um tvær milljónir. Þá eru fleiri Sunnlenskir aðilar sem má nefna eins og Hótel Geysi, Toyota á Selfossi, Byggingarfélagið Hamar, Larsen Hönnun og fleiri sem styrkja myndarlega. Í fyrra söfnuðust um 25 milljónir og allir styrkir sem safnast hafa hafa farið til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Alls hafa safnast rúmlega 75 milljónir frá upphafi, en Team Rynkeby er lang stærsti styrktaraðili SKB. Þetta er góðgerðarverkefni sem á sér ekki hliðstæðu,” segir Gunnar Bjarki stoltur.

Stefnt á París ef kófið leyfir

Í fyrra var ekki hægt að fara til Parísar, en venjan er að hjóla niður Evrópu. Í fyrra var hjólað hringinn í kringum landið. Vonir standa til þess að hægt verði að hjóla ferðina í júlí 2021. „Öll liðin 59 hjóla sömu vikuna 10-17 júlí „niður” Evrópu og enda sama daginn saman í garði í París. Í okkar tilvik er leiðin um 1300 km en við leggjum af stað frá Kolding á Jótlandi. Frá áramótum fram að ferð þarf hver og einn hjóla að hjóla 2500 km til að undirbúa sig en það getur alveg tekið á sitjandann að sita á hnakknum rúma 8 klukkutíma á dag í heila viku í ferðinni sjálfri,” segir Gunnar Bjarki að lokum.

-gpp



Á Laugalandi í Rangárþingi ytra er auk grunnskólans, leikskóli og íþróttahús auk sundlaugar og útileiksvæða. Þá eru á staðnum nokkrar íbúðir. Nemendur í Laugalandsskóla búa flestir í dreifbýlinu og koma með skólabílum á staðinn. Næsta þéttbýli er á Hellu en þar er margvísleg þjónusta og kraftmikil uppbygging m.a. hvað varðar fjölbreytt íbúðahúsnæði. Á svæðinu eru ótal möguleikar til að sinna áhugamálum og útiveru af öllu tagi. Í Rangárþingi er gott mannlíf og þar er tekið vel á móti fólki.

Skólastjóri Laugalandsskóla

Byggðasamlagið Oddi bs óskar eftir að ráða skólastjóra við grunnskólann á Laugalandi í Rangárþingi ytra - Laugalandsskóla. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að ganga glaður til verka og leiða af dagnaði öflugt skólasamfélag með samstöðu og árangur að leiðarljósi. Mikilvægt er að skólastjóri sé tilbúinn að viðhalda þeim góða skólabrag sem einkennt hefur starf Laugalandsskóla.

Á starfssvæði byggðasamlagsins búa um 2.000 íbúar en það eru sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur sem standa að Odda bs. Laugalandsskóli er heildstæður grunnskóli með um 80 nemendur. Nánari upplýsingar um skólann má finna á www.laugalandsskoli.is. Einkunnarorð Laugalandsskóla eru: **Samvinna, traust og vellíðan í leik og starfi.**

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst næstkomandi eða fyrr eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs til framtíðar í samræmi við skólastefnu sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu Odda bs, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og farsæl kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða og/eða farsæl stjórnunarreynsla.
- Færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð.
- Hæfni í samskiptum og metnaður til árangurs.
- Reynsla í fjármálastjórnun kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samninganefndar sveitarfélaga (SNS) og Skólastjórafélags Íslands (SÍ).

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri byggðasamlagsins Odda bs.

Umsóknarfrestur er til **9. apríl nk.** Umsóknnum skal skila á netfangið agust@ry.is. Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum 2 umsagnaraðila, stuttri kynningu á umsækjanda og greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir sýn sinni á skólamáli og faglegri reynslu og getu sem nýtist í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri í gegnum netfangið agust@ry.is eða í síma 488 7000. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur er áskilinn til að hætta við ráðningu og/eða auglýsa stöðuna að nýju.



AÐALSKOÐUN

Færanlega skoðunarstöðin verður
á Austurvegi 69 Selfossi, 15.–19. mars

Við tökum vel á móti þér milli 9 og 16 virka daga



Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Eva María Baldursdóttir og Hergeir Grímsson íþróttakona og -karl Árborgar 2020



Eva María Baldursdóttir og Hergeir Grímsson. Mynd: Árborg

Frjálsíþróttakonan Eva María Baldursdóttir og handknattleiksmaðurinn Hergeir Grímsson voru valin íþróttakona og -karl Árborgar á árlegri uppskeruhátíð frístunda- og menningarnefndar sem var send út rafrænt þriðjudaginn 2. mars.

Uppskeruhátíðin var haldin með breyttu sniði þetta árið vegna sóttvarnarmarkana og áhrifa covid-19 á íþróttarárið 2020. Hátíðin var send út raf-

rænt í gegnum Facebook-síðu sveitarfélagsins úr hátíðarsal Grænumerker þar sem fulltrúar frístunda- og menningarnefndar Árborgar afhentu viðurkenningararnar. Handknattleiksdeild Umf. Selfoss fékk hvatningarverðlaun nefndarinnar fyrir öflugt yngri flokka starf og uppbyggingu deildarinnar sl. ár. Guðbjörg Jónsdóttir, formaður frístunda- og menningarnefndar afhenti Þóri Haraldssyni, formanni

handknattleiksdeildarinnar við-urkenninguna.

Nú íþróttakonur og ellefu íþróttakarlar voru tilnefnd í ár til kjörs íþróttakonu og -karls Árborgar og urði úrslit þriggja efstu eftirfarandi:

Íþróttakona Árborgar 2020

Eva María Baldursdóttir, frjálsar íþróttir, 91 stig af 102 mögulegum Barbára Sól Gísladóttir, knattspyrna, 76 stig Heiðrún Anna Hlynsdóttir, golf, 44 stig

Íþróttakarl Árborgar 2020

Hergeir Grímsson, handknattleikur, 76 stig af 102 mögulegum Dagur Fannar Einarsson, frjálsar íþróttir, 74 stig Arnór Bjarki Eypórsson, körfuknattleikur, 59 stig

Sveitarfélagið Árborg vill óska þessu íþróttafólki og öðrum sem voru tilnefndir til hamingju og vonar að allir fái tækifæri til að æfa og keppa með hefðbundnum hætti á þessu ári.

Sigur í Lengjubikarnum

KNATTSPYRNA Selfoss hafði betur gegn Vestra þegar liðin mættust í Lengjubikarnum á laugardag. Leikurinn var í járnnum þangað til á 35. mínútu þegar Hrvoje Tokic kom Selfoss yfir. Markið kom af vítapunkturinum en vítaspyrnan var réttléga dæmd eftir að Aron Einarsson var felldur innan teigs. Bæði lið fengu góð tækifæri til þess að bæta við mörk-

um í leikinn en mark Tokic dugði og lokatölur 1-0 Selfoss í vil.

Sigurinn var sá fyrsti hjá Selfoss í Lengjubikarnum þetta árið. Næsti og jafnframt síðasti leikur Lengjubikarsins er gegn Stjórnunni laugardaginn 13. mars á JÁVERK-vellinum klukkan 14:00.

-Umf. Selfoss/AHM



Hrvoje Tokic skoraði eina mark leiksins. Ljósmynd úr safni Umf. Selfoss

Stigunum skipt á Akureyri

HANDBOLTI Meistaraflokkur karla gerði jafntefli við KA í hörkuleik á Akureyri á föstudag. Leikurinn var hluti af þrettándu umferð Olísdeildarinnar og endaði 24-24.

Selfyssingar byrjuðu leikinn af krafti og voru komnir 2-5 yfir eftir tíu mínútna leik. Strákarnir héldu frumkvæðinu út hálfleikinn þar sem staðan var 11-13. Seinni hálfleikur byrjaði nákvæmlega eins og sá fyrri endaði og héldu Selfyssingar áfram að skora á undan. Á 45. mínútu komust heimamenn yfir, 18-17. Þeir virtust ekki ætla að sleppa tókum á því forskoti og ætla að

taka bæði stigin. Þegar tæpar 10 sekúndur voru eftir á klukkunni skoraði Hergeir Grímsson sitt ellefta mark í leiknum og tryggði Selfyssingum jafntefli.

Mörk Selfoss: Hergeir 11/2, Ragnar Jóhannsson 7, Alexander Már Egan 3, Nökkvi Dan Elliðason 2 og Magnús Öder Einarsson 1. Varin skot: Vilnius Rasimas 16 (41%)

Nú tekur við landsliðsvika og fá strákarnir langþráða hvíld. Næsti leikur þeirra verður fimmtudaginn 18. mars þegar Afturelding kemur í heimsókn.

-Umf. Selfoss/ÁÞG



Hergeir átti frábæran leik, öflugur í vörn og með 11 mörk. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Sigurður Ástgeirsson



HSK/Selfoss Íslandsmeistari í tveimur flokkum

FRJÁLSAR Um helgina var Meistaramót Íslands hjá 11-14 ára í frjálsum íþróttum í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika í Hafnarfirði. Mjög góður árangur náðist á mótinu hjá krökkunum sem öll voru að bæta sinn árangur mjög mikið. Hópurinn fékk samtals 28 verðlaun, sjö gull, átta silfur og þrettán brons og mjög margir voru á topp tíu í sínum greinum.

Fimm Íslandsmeistararitlar og eitt HSK-met

Ísold Assa (Selfoss) sigraði í hástökki með 1,56 m í 14 ára flokki. Helga Fjöla (Garpi) sigraði í hástökki með 1,41 m og langstökki með 4,43 m og Bryndís Embla (Selfossi) í kúluvarpi með 8,79 m. Hjálmar Vilhelm (Selfossi) sigraði í kúluvarpi með risakast 12,27 m og Vésteinn Loftsson (Hrunam) í 60 m grindahlaupi á 10,34 sek. Að auki unnu 13 ára piltar (Hjálmar, Vésteinn, Ívar Ylur og Kristinn) sitt boðhlaup 4x200m.

Þórhildur Lilja (Selfoss) bætti

HSK-metið í 600 m hlaupi hjá 14 ára stúlkum. Hún hljóp á 1:47,67 mín. en það er bæting um 3 sekúndur á gamla metinu sem er mjög gott. Hún endaði í fjórða sæti í mjög spennandi hlaupi.

Íslandsmeistararitlar í tveimur aldursflokkum

Í flokki 13 ára pilta unnum við sannfærandi sigur með 174 stig en næsta félag, ÍR, var með 51 stig. 12 ára stúlkur unnu líka sinn flokk með 119 stig eftir spennandi keppni við FH. 14 ára stúlkurnar voru einnig hársbreidd frá sigri en þær enduðu í þriðja sæti 2 ½ stigi á eftir fyrsta sætinu og hálfu stigi á eftir öðru sæti. 14 ára piltar voru í öðru sæti í sínum flokki.

HSK/Selfoss endaði í öðru sæti í heildarstigakeppninni með 547,5 stig. Það er flottur árangur hjá okkar krökkum sem lögðu sig flest 100% fram í að ná í stig fyrir félagið en 10 fyrstu í hverri grein fá stig.

Öll úrslit og myndir frá mótinu má sjá á vefsíðu UMFS.



12 ára stelpur f.v. Helga Fjöla, Arndís, Elísabet Líf, Aldís og Bryndís Embla. Ljósmynd: Umf. Selfoss/PI



13 ára strákar fremst er Vikar f.v. Helgi, Vésteinn, Hjálmar, Ívar Ylur og Kristinn. Ljósmynd: Umf. Selfoss/PI

Aðalfundur í knattspyrnu

UMF. SELFOSS Aðalfundur deilda Umf. Selfoss halda áfram og verður aðalfundur knatt-

spyrnudeildar haldinn í Tíbrá, félagsheimili UMFS, fimmtudaginn 11. mars klukkan 20:00.

Langþráður sigur í Grill 66-deildinni

HANDBOLTI Selfyssingar lögðu Víking í Grill 66 deild kvenna á sunnudag, 25-23.

Stelpurnar mættu einbeittar til leiks og tóku frumkvæðið strax í upphafi. Þær komust fljótt tveimur mörkum yfir og juku það síðan í fjögur mörk, 12-8. Gestirnir náðu að minnka muninn niður í þrjú mörk fyrir hálfleik, 13-10. Víkingur mætti sterkari til leiks í seinni hálfleik, skoruðu fyrstu tvö mörkin og minnkuðu muninn niður í eitt mark, 13-12. Þá tóku Selfyssingar aftur við sér og gáfu í, skoruðu fjögur mörk í röð og breyttu stöðunni í 17-12. Þetta forskot náðu gestirnir ekki að brúa og eftir æsispennandi lokamínútur var tveggja marka sigur Selfyssinga staðreynd. Fyrsti sigur hjá stelpunum síðan í janúar og var hann langþráður.

Mörk Selfoss: Arna Kristín Einarsdóttir 8, Elínborg Katla



Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir var öflug í leiknum, bæði í vörn og sókn. Ljósmynd: Sunnlenska.is/GKS

Þorbjörnsdóttir 6, Tinna Sigurros Traustadóttir 4, Ivana Raickovic og Rakel Guðjónsdóttir 2, Agnes Sigurðardóttir, Elin Krista Sigurðardóttir og Katla Björg Ómarsdóttir 1. Varin skot: Lena Ósk Jónsdóttir 9 (28%).

Næsti leikur stúlkanna er gegn Gróttu á sunnudag kl. 13:30 í heimili Hleðslunnar á Selfossi.

Vel heppnað Suðurlandsmót í skák

SKÁK Suðurlandsmót grunnskóla í skák fór fram mánudaginn 1. mars, í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Mótið er sveitakeppni fyrir grunnskóla á Suðurlandi. Að þessu sinni var þátttaka í mótinu með allra besta móti en tæplega 100 keppendur tóku þátt fyrir hönd 7 grunnskóla. Grunnskólinn í Vestmannaeyjum var einnig skráður til leiks en vegna óhagstæðrar vindáttar var ekki siglt til Landeyjahafnar um morguninn og þ.a.l. gat hann ekki mætt til leiks.

Teflt var í tveimur flokkum. Annars vegar í 1.-7. bekk og hins vegar í 8.-10. bekk, voru 4 nemendur í hverri sveit. Gauti Páll Jónsson, fulltrúi Skáksambands Íslands, var mótsstjóri og



gekk mótið afar hratt og vel fyrir sig undir hans stjórn. Sá hann einnig um að afhenda veglega verðlaunagripni til sigurvegaranna í mótslok.

Spennan var þó nokkur um verðlaunasæti en svo fór að lokum að a-sveit Flúðaskóla sigraði í yngri flokknum en Grunnskólinn á Helli í þeim eldri. Aðeins munaði einum vinningi á 1. og 2. sæti í báðum flokkum. Flúðaskóli náði sér í brons í báðum flokkum og náði sér þar með í fern af þeim sex verðlaunum sem í boði voru.

OPIÐ Í FSU

ÞRIÐJUDAGINN 16. MARS KL. 16:30-18:00

Bjóðum 10. bekkinga og forráðamenn þeirra sérstaklega velkomna.

Kynnt verður fjölbreytt námsframboð skólans, bæði bóknám og iðn- og starfsnám.

SJÁUMST Í FSU - ÖLL MEÐ GRÍMUR!

FJÖLMARGAR STÚDENTSBRÁUTIR BÆÐI Í BÓKNÁMI OG STARFSNÁMI
FJÖLBREYTT IDINNÁM OG STARFSNÁM // ÍÞRÓTTAKAKADEMÍUR
GRUNNMENTABRÚ // SERNÁMSBRAUT // ÖFLUGT FÉLAGSLÍF



FJÖLBREYNTI
NÝSKÖPUN
UPPLÝSING

Snjallverslun

Pantaðu og sæktu, klappaðu og klár



Þú finnur
Snjallverslun
Krónunnar í

App store
Play store

Pssst ...
Þú getur sótt
vörur úr Snjall-
verslun í Krónunni
á Selfossi

KRÓNAN

Vor í Árborg 2021

Menningar- og bæjarhátíðin „Vor í Árborg 2020“ verður haldin 22.- 25. apríl nk. Skipulagning er á undirbúningsstigi og hvers kyns tillögur að dag-skrátriðum og/eða hugmyndum um menningarviðburði eru vel þegnar. Hér með er óskað eftir þátttöku félaga og samtaka, einstaklinga og áhugahópa, fyrirtækja og stofnana.

Fjölskylduleikurinn, „Gaman saman sem fjölskylda“ verður áfram hluti af hátíðarhöldunum. Sérstakt vegabréf verður gefið út með dagskrá hátíðarinnar sem stimplað verður í eftir þátttöku í atburðum og heimsóknum á viðburði. Vegabréfinu er síðan skilað inn eftir hátíðina og eiga þátttakendur möguleika á veglegum vinningum.

Áhugasamir hafi samband við Ólaf Rafnar Ólafsson, atvinnu- og viðburðafulltrúa, olafur.rafnar@arborg.is eða Braga Bjarnason, deildarstjóri frístunda- og menningardeilda, bragi@arborg.is eða í síma 480 1900.

Með von um góðar undirtektir,
Frístunda- og menningardeild
Sveitarfélagsins Árborgar

VOR Í
ÁRBORG



Leikskólakennari óskast

Hjallastefnu leikskólinn Bergheimar í Þorlákshöfn leitar að öflugum leikskólakennara til starfa í 100% stöðu. Við leitum að jákvæðum og lífsglöðum einstakling sem til er í að tileinka sér starfshætti Hjallastefnunnar af gleði og kærleika. Viðkomandi þarf að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og hafa áhuga á jafnrétti og lýðræði í skólustarfi.

Menntun og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun eða leyfisbréf til að nota starfshætti leikskólakennari.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi.
- Lipurð, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi.

Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa verður ráðið tímabundið í stöðuna.

Leikskólinn Bergheimar leitar að auki eftir duglegum, jákvæðum og drifandi einstakling sem til er í að vinna frá kl. 15:00 - 17:00 alla virka daga á skilavakt.

Hafir þú áhuga á að sækja um, sendu umsókn og ferilskrá á netfangið karen@hjalli.is en umsóknarfræstur er til og með 18. mars.

Allar nánari upplýsingar veitir Karen Viðarsdóttir, leikskólastýra Bergheima á netfanginu karen@hjalli.is.

Kjartan Lárusson kjörinn heiðursfélagi GLÍ

Helgina 5.-7. mars sl. fór áfram 57. ársþing GLÍ. Einn af hápunktum þingsins var að Kjartan Lárusson var kjörinn heiðursfélagi GLÍ ásamt Sigurjóni Leifssyni.

Kjartan Lárusson er fjölhæfur íþróttamaður sem hafði orðið Íslandsmeistari, héraðsmeistari og UMFÍ-meistari í fjölda íþróttagreina áður en hann hóf að læra og iðka glímu 1985 og hefur bæði keppt í og kennt og þjálfað glímu síðan. Kjartan hefur unnið til verðlauna á Íslandsglímu og á Íslandsmeistaramótum, einnig orðið bikarmeistari GLÍ. Hann varð skjaldarhafi Skarphéðins tvö ár í röð, 1986 og 1987, og einu sinni fjórðungsmeistari Suðurlands.

Kjartan er mikill félagsmálamaður og hélt uppi öflugum glímustarfi á Laugarvatni og kenndi þar hundruð nemenda glímu í tugi ára jafnframt því að fara víða um land til glímukennslu. Hann fór hringferð

um landið, ásam Rögnvaldi Ólafssyni fyrrverandi formanni GLÍ, þar sem glíman var kynnt í fjölda skóla í dreifbýli og á flestum þéttbýlisstöðum landsins. Ætla má að Kjartan hafi kynnt og kennt glímu þúsundum barna og ungmenna.

Kjartan Lárusson hefur ekki látið sitt eftir liggja í félagsmálum glímunnar. Hann sat í stjórn GLÍ í nokkur ár og var varaformaður um tíma. Stjórnandi ótalinna glímumóta og sem dómari í héraði og á landsvísu.

Dómararéttindi hlaut Kjartan Lárusson 1992 og hefur látið til sín taka í dómaramálum og dómgæslu allar götur síðan. Hann settist í stjórn Glímudómarafélags Íslands 1999 og hefur verið formaður frá 2007. Kjartan hefur notið virðingar sem glímudómari og var kosinn „Besti glímudómarrinn“ 7 sinnum af þeim 10 skiptum sem sú kosning fór fram.

Kjartan Lárusson hefur hlot-



Kjartan Lárusson, heiðursfélagi GLÍ.

ið margháttaðar viðurkenningar fyrir störf sín að glímu og félagsmálum. Honum hafa verið veitt 5 gullmerki eftirfarandi samtaka: Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Glímusambands Íslands, UMFÍ, HSK og Umf. Laugdæla. HSK veitti honum nafnbótina Öðlingur 2016.

Föstudagsfrétt úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi

House of IKons er tískusýning sem stofnuð var í London árið 2014 með það markmið að leiða saman einstaka fatahönnuði allstaðar að úr heiminum, fagna nýrri kynslóð kvenfatahönnuða og um leið vekja athygli á vandamálum eins og heimilisofbeldi, ofbeldi gegn börnum og fleira sem taka þarf á. Hönnuðirnir koma eins og áður sagði hvaðanæva úr heiminum og hanna 3-4 flíkur sem sýndar eru á sýningunni.

Vegna covid-19 var að þessu sinni ekki haldin tískusýning



heldur framleidd kvikmynd um flíkur. Þetta fyrirkomulag er sérstaklega heppilegt fyrir okkur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem þar má sjá flíkur frá Fatahönnuðinum SigRun sem

skarta silkiprentuðum hrútum og hröfnum beint úr smíðju Híalín, silkiprentsverkstæði Vilborgar í Skarði.

Um samstarfið segir Vilborg: „Hún [SigRun] hannaði og saumaði flíkur sem ég fékk svo að silkiprenta á. Ég fékk þannig séð alveg frjálssar hendur upp að því marki að það tengdist hugmynd hennar og takti flíkanna.“

Kvikmyndin / tískusýningin sem um ræðir var frumsýnd þann 27. febrúar sl. Á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps má nálgast hlekk á myndbandið.



Heilbrigðisstofnun Suðurlands falinn rekstur Hraunbúða í Vestmannaeyjum

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) tekur við rekstri hjúkrunarheimilisins Hraunbúða í Vestmannaeyjum 1. apríl næstkomandi, í kjölfar uppsagnar bæjarfélagsins á rekstrar-samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Forstjóri HSU telur þetta falla vel að rekstri stofnunarinnar en þar er þegar fyrir þekking og reynsla af rekstri hjúkrunarheimila. Á Hraunbúðum eru hjúkrunarrými fyrir 31 íbúa en HSU rekur fyrir hjúkrunarrými fyrir 9 íbúa í Vestmannaeyjum og 42 hjúkrunarrými á Selfossi.

„Ég tel þetta spennandi tækifæri og sé töluverð samlegðar-áhrif í núverandi rekstri stofnunarinnar. Vegferð okkar hjá

HSU mun snúa að því að tryggja áframhaldandi góða þjónustu við íbúa Hraunbúða sem og velferð aldraðra í Vestmannaeyjum. Ég mun á komandi dögum kynna mér reksturinn og funda fljótlega með starfsfólki Hraunbúða,“ segir Dána Óskarsdóttir, forstjóri HSU.

Vestmannaeyjabær sagði upp rekstrarsamningi við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur hjúkrunarheimilisins þann 26. júní síðastliðinn og lýkur samningstímanum um næstu mánaðamót. Sjúkratryggingar Íslands auglýstu eftir aðilum sem áhuga hefðu á að taka við rekstri heimilisins en engin viðbrögð bárust við þeirri auglýsingu.

VIÐ PRENTUM

BOÐSKORT



SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMETODDI.IS



Starfsfólk óskast

Óskum eftir starfsfólki í fullt starf í afgreiðslu í búðum okkar á Selfossi, Flúðum og í Reykjadal.

Umsóknarfrestur til 31. mars 2021.

Nánari upplýsingar í síma 483 1919 eða harpa86@gmail.com.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi lýsing deiliskipulagsáætlunar:

Nauthagi - Lýsing deiliskipulags

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2021 að kynna lýsingu deiliskipulags fyrir Nauthaga á Selfossi. Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skilgreina íbúðalóð fyrir nýjan íbúðakjarna á Selfossi, þar sem gert er ráð fyrir 6-9 íbúðum á vegum Bergisins / Áss styrktarfélags. Staðsetning íbúðakjarnans við Nauthaga hefur verið valin með þær forsendur í huga, sem eru m.a. gott aðgengi og nálægð við þjónustu- og útivistarsvæði.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefsíðinni www.arborg.is.

Lýsing deiliskipulagsins er í kynningu frá 10. mars 2021 til og með 31. mars 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 31. mars 2021.

Athugasemdir og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is.

Anton Kári Halldórsson,
skipulagsfulltrúi

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
gudny@domusnova.is

Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is

Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is

Sími: 772 9970

DOMUSNOVA

Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

Störf í vöruhúsi og afgreiðslu á starfsstöð okkar á Selfossi

Óskum eftir starfsmanni í afgreiðslu okkar á Selfossi. Um er að ræða afgreiðslu í endurvinnslu og almenn störf í vöruhúsi, tiltekt og afgreiðslu pantana, losun og lestun flutningabíla og vörudreifingu innan svæðis.

Hæfnikröfur:

- Bílpróf er skilyrði og lyftarapróf er kostur
- Rík þjónustulund og sterk öryggisvitund
- Stundvísi, reglusemi og snyrtimennska
- Góð samskiptahæfni og framkoma

Möguleiki er á hlutastarfi ef óskað er eftir.

Mikilvægt að umsækjandi geti hafið störf ekki síðar en **1. apríl nk.**

Umsækjendur skulu hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð. Tekið er á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar www.samskip.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarnhéðinn Elíasson,
bjarnhedinn.gunnar.eliasson@samskip.com
eða í síma 858 8825

samskip

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

AI-Anon Selfossi
AI-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

AI-Anon
AI-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

prentmet
heilðarlausnir í prentun
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir,
Hjólástillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALLSÖGUN

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.

Kjarnaborun fyrir lögnum.

Ramma inn myndir,
spegla og fleira.

Annast einnig sólpallasmíði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068

STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.



Bollamiðlun Bollaspá

Les í kaffibolla og miðla því
sem úr honum kemur.

Ásdís 866 6597

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

S. 482 1944 - dfs@dfs.is

Vel heppnuð byssusýning hjá Veiðisafninu

Íveiðisafninu var fjöldi fólks
Íkominn saman til þess að gera
sér glaðan dag. Það er mikil upp-
lifun að koma í safnið en þar má
sjá villt dýr hvaðanæva úr heim-
inum sem hafa verið stoppuð
upp. Það er áhugavert að standa
augliti til auglitis við ljónapar og
sjá hve stór þau í raun og veru
eru. Við tókum forsprakka safns-
ins tali og spurðum út í safnið,
ásóknina og hátíðina.

Sýningarnar aldrei eins ár frá ári

Eigandi veiðisafnsins er Páll
Reynisson. Hann er mikill veiði-
maður sjálfur og á fjölda upp-
stoppaðra dýra á safninu. Hvernig
er aðsóknin búin að vera?
„Það hefur alltaf verið mikil að-
sókn á byssusýningar hjá Veiði-
safninu. Ég hef haldið þetta
alveg frá opnun þar til í fyrra.
Það var þó reynt í tvígang en við
urðum frá að hverfa með það.“
Það var ekki annað að sjá en að
Páli væri létt með að geta loksins
haldið almennilega sýningu og
ekki létu gestirnir sig vanta enda
heilumikil að sjá.

„Sýningarnar eru séruppsettar
á hverju ári og aldrei eins. Fólk



getur gengið að því vísu og veit
það að það er ekki það sama og
í fyrra. Í ár eru þeir frá Markviss
á Blönduósi með stóran hluta
af þrjátíu ára afmælisýningu
sem þeir settu upp fyrir nokkrum
árum. Þá er hér Ingólfur í
Vesturröst með fullt af sínu dóti
og Bóbó kom frá Selfossi með
nokkra hnífa að sýna okkur líka.“

Fer brattur inn í sumarið

Aðspurður um hvernig faraldur-
inn hafi farið í safnið segist Páll

síst kvarta því það hafi hann
aldrei gert. „Febrúar hefur verið
mjög góður hér og þetta spyrst út
á meðal fólks sem hingað hefur
komið að skoða.“ Þá segist Páll
fara brattur inn í sumarið og eiga
von á því að fjöldi gesta leggi
leið sína að skoða Veiðisafnið á
Stokkseyri. Blaðamaður getur
vottað að þar er margt að sjá og
merkilegt og þeir sem hafa áhuga
á veiðum og villtum dýrum geti
fundið margt að skoða og líta á.

-gpp

KIRKJUR

Stokkseyrarkirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 14.
mars 11:00. Kirkjukórinn syngur,
organisti Haukur Arnarr Gíslason,
prestur Gunnar Jóhannesson.

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag kl. 11.00. Sr.
Kristján Björnsson vígslubiskup
annast prestsþjónustuna.
Organisti er Jón Bjarnason.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 13. mars.
Bibliulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12. Við fylgjum sótt-
varnareglunum og minnum á
sprítt, grímur og 2 metra. Streymi
verður einnig haldið áfram frá
Aðventkirkjunni í Reykjavík, sjá
YouTube og Adventkirkjan.
Verið velkomin.

Stóra-Núpskirkja

Guðsþjónusta kl. 11 sunnudag-
inn 14. mars. Félagar úr kirkju-
kórnum syngja undir stjórn
Þorbjargar Jóhannsdóttur org-
anista. Fermingarbörn og for-
eldrar þeirra sérstaklega hvött til
að mæta.

Ólafsvallakirkja

Guðsþjónusta kl. 13 sunnudag-
inn 14. mars. Félagar úr kirkju-
kórnum syngja undir stjórn
Þorbjargar Jóhannsdóttur org-
anista. Fermingarbörn og for-
eldrar þeirra sérstaklega hvött
að mæta.

TUNGUMÁL

Ertu spænskumælandi?

Óska eftir að komast í samband
við spænskumælandi Íslending
til að hringja stutt símtal til
Spánar. Greiði 100.000 kr. fyrir
fyrirhöfnina. Upplýsingar í síma
483 3568.



Loksins aftur smiðjudagar

Eftir nokkurra mánaða bið
Íkomust nemendur í Blá-
skógaskóla Laugarvatni, Blá-
skógaskóla Reykholti og Ker-
hólsskóla aftur á smiðjudaga.
Á smiðjudögum hittast ungl-
ingadeildir þessara skóla og
taka þátt í fjölbreyttum verk-
efnum. Dagarnir eru tækifæri
fyrir nemendur líttilla skóla til
að hittast og kynast betur og
fá tækifæri til að takast á við
fjölbreytt verkefni. Nemendur
koma sjálfir með hugmyndir að
verkefnum og velja svo úr fjöl-
breyttum smiðjum. Þær standa
í tvo daga en nemendur gista
saman í móttökuskólanum í
eina nótt. Skólarnir skiptast á
að vera gestgjafar svo að nem-
endur fara þrisvar yfir skóla-
árið á smiðjudaga.

Að þessu sinni var það Blá-
skógaskóli Laugarvatni sem
tók á móti gestum. Nemendur
fóru í fjölbreyttar smiðjur þar
sem þeir lærðu meðal annars
að lita og prenta á föt, búa til
sushi og ís, rannsókuðu hella
og sigldu á Laugarvatni. Auk
þess fengu nemendur kennslu
í fótbolta og smiðum og heim-
sókn frá trúbador. Það er óhætt
að segja að nemendur hafi
verið þreyttir eftir tvo stífa
daga en jafnframt ánægðir með
afraksturinn.



Smiðjudagar eru nú haldnir
fjórða árið í röð með góðum
árangri. Sérstaklega er ánægju-
legt að sjá hvað nemendahóp-
urinn er einbeittur og jákvæður
í verkefninu. Allir koma til
að læra og ná árangri í sínum
verkefnum sem skilar sér í
flottum verkefnum og miklu
námi á þessum tveimur dögum.
Smiðjudagarnir eru líka tæki-
færi til að bjóða upp á fjöl-
breytt verkefni og fá til liðs við
skólana utanaðkomandi sér-
fræðinga í ýmsum verkefnum.
Meðal þeirra sem hafa komið í
heimsókn í gegnum tíðina eru
afreksmenn í íþróttum, fjöldi
fyrirlesara og listamenn. Allt
þetta fólk ásamt frábæru starfs-
fólki skólann og stuðningi nær-
samfélagsins á hverjum stað
býr til fleiri og flottari tækifæri
fyrir nemendur.

YFIRVERKSTJÓRI Á SELFOSSI



Starf yfirverkstjóra við þjónustustöð Vegagerðarinnar á Selfossi er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Yfirverkstjóri ber ábyrgð á rekstri og verkefnum þjónustustöðvarinnar. Hann sér til þess að verkefni séu leyst samkvæmt verklagsreglum, skipuriti og markmiðum Vegagerðarinnar.

Starfssvið

Almenn þjónusta og viðhald vega sem og vegbúnaðar á svæði þjónustustöðvarinnar. Viðhald og þjónusta á malarvegum og bundnu slitlagi, umsjón með áhaldahúsi. Eftirlit og stjórnun verkefna í sumarþjónustu sem og samskipti við verktaka. Eftirlit í vetrarþjónustu með færð á vegum, upplýsingagjöf og stjórnun snjómoksturs í samvinnu við vaktstöð Vegagerðarinnar. Samskipti og eftirlit með verktökum í vetrarþjónustu.

Reikningsuppgjör og kostnaðareftirlit, verðfyrirspurnir, fjárhagsuppgjör og gerð einfaldari útboðslýsinga.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Almennt grunnnám, iðnmenntun æskileg
- Marktæk reynsla af stjórnun
- Reynsla af kostnaðareftirliti, verkeftirliti og fjárhagsuppgjöri
- Verkstjórnarnámskeið er æskilegt
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Sambands stjórnendafélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2021. Sótt er um starfið á vef Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Stefánsson deildarstjóri umsjónardeildar (bjarni.stefansson@vegagerdin.is) eða í síma 522 1461.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Samherji hf.



Samherji fiskeldi er dótturfyrirtæki Samherja sem rekur þrjár áframeldisstöðvar, tvær á Suðurnesjum og eina í Öxarfirði. Félagið rekur þar að auki tvær seiðastöðvar, eina í Ölfusi og aðra á Stað í Grindavík, og einnig fullkomna fiskvinnslu í Sandgerði. Félagið er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi og selur afurðir sínar til kröfuharðra viðskiptavina.

Gæði og áreiðanleiki eldisferils Íslandsbleikju er vottaður af óháðum aðila, IMO frá Sviss.

Nánari upplýsingar á www.samherji.is

Sumarstarfsmaður í seiðastöð að Núpum í Ölfusi

Samherji fiskeldi auglýsir spennandi sumarstarf í seiðastöð félagsins að Núpum í Ölfusi.

- Starfið felst í umhirðu seiða auk annarra tilfallandi starfa í stöðinni.
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga á fiskeldi og geta unnið sjálfstætt.
- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur og vandvirkur með auga fyrir umhirðu dýra.
- Vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga.
- Menntun í fiskeldisfræði eða sambærilegu er kostur.
- Möguleiki er á fastráðningu í lok sumars

Vöxtur er í Samherja fiskeldi og framundan eru áhugaverðir tímar við uppbyggingu og framleiðslu hjá fyrirtækinu.

Áhugasamir sendi ferilskrá á Orra Filippusson stöðvarstjóra á netfangið of@samherji.is

Umsóknarfrestur er til 17. mars

Nánari upplýsingar um starfið veitir Orri í síma 865 1909.

Rafíþróttamót á Suðurlandi í pípunum



Rafíþróttir eru tiltölulega nýjar af nálinni hér á Íslandi. Í Árborg er starfræktur rafíþróttaklúbbur þar sem meðlimir æfa sig í tölvuleikjaspili og verða betri spilarar fyrir vikið. Þessari grein íþróttar hefur verið legið á hálsi að vera ekki jafngild öðrum en það viðhorf er, sem betur fer, á undanhaldi, enda þarf margt að ganga upp til þess að ná til afreka í rafíþróttum eins og öðrum íþróttum. Framundan er spennandi rafíþróttamót og af því tilefni tókum við Jón Hjört Sigurðarson yfirþjálfara hjá Selfoss eSports og Dagbjörtu Harðardóttur, forstöðukonu frístundahúsanna í Árborg tali um verkefnið.

Mótið opið öllum í 6.-10. bekk sem hafa áhuga

Eins og áður sagði er spennandi rafíþróttamót þar sem krakkar á Suðurlandi fá tækifæri til að keppa á móti hvert öðru í uppbyggjandi umhverfi í tölvuleiknum *Rocket League*. „Mótið er í boði fyrir alla sem eru í 6.-10. bekk. Rafíþróttadeild UMFS sér um utanumhaldið með mótinu og Zelsíuz tekur svo við keppendum þegar þeir hafa lokið keppni, en í Zelsíuz verður streymt frá öllum leikjum úr mótinu. Pizza og verðlaunaafhendingin fer einnig fram í Zelsíuz,“ segja Dagbjört og Jón Hjörtur.

Stefnir í góða þátttöku

Hvernig fer þetta fram? „Rafíþróttamót fer fram ekki ósvipað og önnur mót. Þetta tiltekna mót verður riðlamót, þar mun vera spilað í riðlum og þeir sem vinna sinn riðill spila á móti öðrum riðlasigurvegurum um úrslitasætin. Mótið er byggt upp

á tveggja manna liðum sem spila þá saman tveir á móti tveimur en stærð og fjöldi riðla fer eftir hversu mikil þátttaka verður á mótinu en allt stefnir í mjög góða þátttöku,“ segir Jón Hjörtur.

Félagsfærni og tölvuleikir geta vel farið saman

Nú hefur tölvum og leikjaspili verið stillt upp með slakri félagsfærni barna, hvað segið þið um það? „Það er mýta sem við höfum verið að takast á við alveg frá því að starfið fór af stað og í raun langt þar á undan. Ég held að þetta sé ekki endilega rangt en snýr líklegast í hina áttina. Börn sem eru ekki með góða félagsfærni hafa getað leitað í leikina því hann hefur gert minni kröfur á þau. Þegar þau koma til okkar þá vinnum við í því með þeim að vera hluti af liði og vera hluti af hóp. Þó svo að við séum eingöngu á fyrsta árinu okkar höfum við nú þegar fengið að sjá mörg börn sem hafa staðið illa félagslega, eignast vini, en það er eitthvað sem þau höfðu ekki áður. Höfum við einnig fengið það staðfest að nokkrir af skráðum iðkendum hjá okkur hafa ekki verið í virku starfi innan UMFS síðan 2004/2005 en blómstra svo hjá okkur. Við tókum á móti öllum þeim sem leita til okkar og styrkjum þá einstaklinga í félagsfærni, leikjum og liðsheild,“ segir Jón Hjörtur og Dagbjört tekur undir.

Rocket League vegna mikillar eftirsparnar. Við þjónustum einnig skólana á Selfossi og eru þjálfarar frá okkur að sjá um kennslu sem valgreinar í bæði Vallaskóla og Sunnulækjarskóla. Í dag fara um 75 börn í gegnum rýmið í hverri viku, mismunandi hvort þau komi einu sinni eða tvisvar í viku. Við erum að ljúka fyrsta árinu okkar núna í júní og höfum við verið mjög ánægðir með þær viðtökur sem starfið hefur fengið. Við höfum lært helling á þessu ári sem styrkir starfið okkar enn frekar. Við erum í dag með 4 þjálfara hjá okkur og af þeim er einn búinn með fyrsta hluta af þjálfaramenntun ÍSÍ, 2 eru í náminu núna og síðasti er í kennaranámi, eða til að orða þetta öðruvísi eru allir þjálfarar okkar í námi tengt þjálfun eða kennslu,“ segir Jón Hjörtur.

Mótið liður í því að búa til virkt starf á Suðurlandi

„Rocket league-mótið er liður í því að búa til virkt starf á svæðinu og viljum við öll sem komum að þessu starfi hvetja foreldra til að fylgjast með börnunum sínum keppa á laugardaginn. Munum við gera okkar besta að streyma sem flestjum leikjum og verður hægt að finna upplýsingar á Facebook síðunni okkar, Selfoss eSports,“ segir Jón Hjörtur að lokum. -gpp

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

Tæknipjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Efirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti



- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

D+H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldspjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

Rétting og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACN AF VINÁTTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar

Betri vörur - betra verð

Juubbii Siggafærdiz

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

DFS.is

FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

